

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/2031****2019/EES/38/06****frá 19. desember 2018**

um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um verðbréfamíðstöðvar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland („Bretland“) fram tilkynningu um þá fyrirætlun sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland frá og með þeim degi þegar útgöngusamningur tekur gildi eða, sé ekki um slíkan samning að ræða, tveimur árum eftir tilkynninguna, þ.e. 30. mars 2019, nema leiðtogaráðið, í samráði við Bretland, ákveði einróma að framlengja það tímabil.
- 2) Eins og tilkynnt var um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 13. nóvember 2018 „Undirbúningur fyrir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu þann 30. mars 2019: Viðbragðsáætlun (e. *Preparing for the withdrawal of the United Kingdom from the European Union on 30 March 2019: a Contingency Action Plan*)“ ⁽²⁾ („viðbragðsáætlunin“), getur útganga án samnings skapað áhættu fyrir fjármálastöðugleika Sambandsins og aðildarríkja þess. Til að koma í veg fyrir slíka áhættu þykir réttmætt og til hagsbóta fyrir Sambandið og aðildarríki þess að tryggja, í takmarkaðan tíma, að miðlægir mótaðilar, sem þegar hafa fengið starfsleyfi í Bretlandi („miðlægir mótaðilar í Bretlandi“) geti haldið áfram að veita þjónustu í Sambandinu eftir 29. mars 2019.
- 3) Miðlæg stöðustofnun eykur gagnsæi á markaði, dregur úr útlánaáhættu og minnkar hættu á smitáhrifum þegar um er að ræða vanskil eins eða fleiri þátttakanda í miðlægum mótaðila. Veiting slíkrar þjónustu er því mikilvæg til að tryggja fjármálastöðugleika. Röskun á veitingu stöðustofnunarþjónustu gæti einnig haft áhrif á framkvæmd á peningamálastefnu seðlabanka ef viðskipti eru stöðustofnuð í gjaldmiðlinum sem seðlabanki í Sambandinu gefur út. Þar að auki eru fjármálagerningar sem stöðustofnaðir eru af miðlægum mótaðilum einnig mikilvægir fyrir fjármálamilliliði og viðskiptavinum þeirra, t.d. til að áhættuverja fyrir vaxtaáhættu, og röskun á veitingu stöðustofnunarþjónustu gæti því einnig skapað áhættu fyrir raunhagkerfi Sambandsins.
- 4) Þann 31. desember 2017 var útistandandi grundvallarfjárhæð OTC-afleiða meira en 500 trilljónir evra á heimsvísu, þar af voru vaxtaafleiður meira en 75% og gjaldeyrisafleiður nálægt 20%. Um 30% allra OTC-afleiða eru tilgreindar í evrum og öðrum gjaldmiðlum Sambandsins. Mikil samþjöppun er á markaðnum fyrir miðlæga stöðustofnun OTC-afleiða, einkum markaðnum fyrir miðlæga stöðustofnun OTC-vaxtaafleiða en um 97% þeirra eru stöðustofnaðar hjá einum miðlægum mótaðila í Bretlandi ⁽³⁾.
- 5) Frá 30. mars 2019 munu miðlægir mótaðilar í Bretlandi verða „miðlægir mótaðilar þriðja lands“ og mega sem slíkir aðeins veita stöðustofnunarþjónustu ef þeir eru viðurkenndir af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Ef miðlægir mótaðilar í Bretlandi hafa ekki hlotið viðurkenningu mega mótaðilar með staðfestu í Sambandinu ekki stöðustofna OTC-afleiður, sem falla undir stöðustofnunarskylduna skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, hjá miðlægum mótaðilum í Bretlandi. Þær aðstæður gætu haft í för með sér tímabundnar áskoranir fyrir þessa mótaðila við að uppfylla stöðustofnunarskyldur sínar, sem gæti síðan skapað áhættu fyrir fjármálastöðugleika og framkvæmd peningamálastefnu Sambandsins og aðildarríkja þess. Eins og tilkynnt er um í viðbragðsáætluninni er því nauðsynlegt, við þær séráðstæður, að laga- og eftirlitsfyrirkomulagið sem gildir um miðlæga mótaðila í Bretlandi teljist jafngilt, í stranglega takmarkaðan tíma og með sérstökum skilyrðum, til að þessir miðlægu mótaðilar megi halda áfram að veita stöðustofnunarþjónustu í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 201, 27.7. 2012, bls. 1.

⁽²⁾ COM(2018) 880, lokagerð.

⁽³⁾ Alþjóðagreiðslubankinn, útgáfa tölfraðilegra upplýsinga: Tölfraðilegar upplýsingar um OTC-afleiður í lok desember 2017 frá 3. maí 2018 (https://www.bis.org/publ/otc_hy1805.pdf)

- 6) Í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 þarf að uppfylla þrjú skilyrði til að unnt sé að ákvarða að fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands, að því er varðar miðlæga mótaðila með starfsleyfi þar, sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 7) Í fyrsta lagi verður fyrirkomulag laga og eftirlits þriðja lands að tryggja að miðlægir mótaðilar í viðkomandi þriðja landi fari að lagalega bindandi kröfum sem jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 gildir þar til 29. mars 2019 án frekari lögfestingar í Bretlandi og miðlægir mótaðilar í Bretlandi, sem hafa starfsleyfi skv. 14. gr. þeirrar reglugerðar, skulu því fara að kröfunum sem þar koma fram. Þann 26. júní 2018 tók Bretland, sem hluta af lögunum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 (*e. European Union (Withdrawal) Act 2018*), ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 upp í landslög sín frá og með dagsetningu útgöngu Bretlands úr Sambandinu.
- 8) Í öðru lagi skal laga- og eftirlitsfyrirkomulag þriðja lands tryggja að miðlægir mótaðilar með staðfestu í þriðja landinu falli undir skilvirkt eftirlit, yfirsýn og framfylgd á áframhaldandi grundvelli. Þar til 29. mars 2019 falla miðlægir mótaðilar í Bretlandi undir eftirlit Englandsbanka, eins og ákvarðað er í landslögum Bretlands í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012⁽¹⁾. Við upptöku reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í landslög Bretlands mun Englandsbanki áfram bera ábyrgð á eftirliti með miðlægum mótaðilum og eftirlits-, og framfylgdarheimildir hans að því er varðar miðlæga mótaðila munu verða óbreyttar í meginatriðum.
- 9) Í þriðja lagi verður lagarammi þriðja landsins kveða á um skilvirkt jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á miðlægu mótaðilunum sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt lagareglum þriðja lands. Þetta er tryggt með því að taka jafngildiskerfið í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 upp í landslög Bretlands.
- 10) Framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að laga- og eftirlitsfyrirkomulag Bretlands, sem gildir um miðlæga mótaðila daginn eftir útgöngu þess úr Sambandinu, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 11) Þessi ákvörðun byggist þó á laga- og eftirlitsfyrirkomulaginu sem gildir um miðlæga mótaðila í Bretlandi daginn eftir útgöngu Bretlands úr Sambandinu. Þetta fyrirkomulag laga og eftirlits ætti aðeins að teljast jafngilt ef kröfunum sem gilda um miðlæga mótaðila samkvæmt landslögum Bretlands er viðhaldið og er beitt áfram með skilvirkum hætti og framfylgt á áframhaldandi grundvelli. Skilvirk upplýsingaskipti og samræming eftirlitsstarfsemi milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka er því mikilvægt skilyrði til að viðhalda ákvörðun um jafngildi.
- 12) Upplýsingaskiptin krefjast þess að komið sé á árangursríku og skilvirku samstarfsfyrirkomulagi í samræmi við 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þetta samstarfsfyrirkomulag ætti einnig að tryggja að unnt sé að deila öllum viðeigandi upplýsingum með yfirvöldunum sem um getur í 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. með Seðlabanka Evrópu og öðrum aðilum seðlabankakerfis Evrópu, í þeim tilgangi að hafa samráð við þessi yfirvöld um viðurkennda stöðu miðlægra mótaðila í Bretlandi eða ef þessar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir þessi yfirvöld til að þau geta framkvæmt eftirlitsverkefni sín.
- 13) Komi upp þær óvenjulegu aðstæður að Bretland gangi úr Sambandinu án sammings verður samstarfsfyrirkomulag, sem komið er á fót skv. 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafi tafarlausan aðgang, á áframhaldandi grundvelli, að öllum upplýsingum sem hún óskar eftir. Þessar upplýsingar eru m.a., en takmarkast ekki við, upplýsingar sem gera kleift að meta alla verulega áhættu sem Sambandinu eða aðildarríkjum þess stafar af miðlægum mótaðilum í Bretlandi, hvort sem það er beint eða óbeint. Því ætti að tilgreina í samstarfsfyrirkomulaginu tilhögun og verklag tafarlausra upplýsingaskipta í tengslum við stöðustofnunarstarfsemi miðlægra mótaðila í Bretlandi að því er varðar fjármálagerninga sem tilgreindir eru í gjaldmiðlum Sambandsins, viðskiptavettvanga, þátttakendur í stöðustofnun og dótturfélög lánastofnana og verðbréfafyrirtækja í Sambandinu; fyrirkomulag um rekstrarsamhæfi með öðrum miðlægum mótaðilum; eigið fjármagn; samsetningu og kvörðun vanskilasjóða, tryggingarfé, lausafé og tryggingasöfn, að meðtöldu frádragi, og álagspróf; tafarlausu tilkynningu um allar breytingar sem hafa áhrif á miðlæga mótaðila í Bretlandi eða laga- og eftirlitsfyrirkomulag Bretlands sem gildir um miðlæga mótaðila í Bretlandi; og fyrirkomulag við tafarlausu tilkynningu til Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnunarinnar um hvers konar þróun að því er varðar miðlæga mótaðila í Bretlandi sem gæti haft áhrif á peningamálastefnu í Sambandinu.

(1) 5. hluti The Financial Services and Markets Act 2000 (Over the Counter Derivatives, Central Counterparties and Trade Repositories) Regulations 2013.

- 14) Framkvæmdastjórnin mun, í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, hafa eftirlit með öllum breytingum sem teknar eru upp í laga- og eftirlitsfyrirkomulagið og hafa áhrif á miðlæga mótaðila í Bretlandi, markaðsþróun og skilvirkni eftirlitssamvinnu, þ.m.t. tafarlaus upplýsingaskipti milli Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka. Framkvæmdastjórnin gæti framkvæmt endurskoðun hvenær sem er, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt fyrir framkvæmdastjórnina að endurmeta jafngildið sem samþykkt er með þessari ákvörðun, þ.m.t. ef ekki er farið að skilmálum samstarfsfyrirkomulagsins milli Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar og Englandsbanka eða ef þeir gera ekki mögulegt að framkvæma árangursríkt mat á áhættunni sem Sambandinu eða aðildarríkjum þess stafar af miðlægum mótaðilum í Bretlandi.
- 15) Í ljósi óvissunnar í kringum framtíðarsamband Bretlands og Sambandsins, sem og mögulegra áhrifa á fjármálastöðugleika Sambandsins og aðildarríkja þess og á heilleika innri markaðarins, ætti þessi ákvörðun að falla úr gildi 30. mars 2020. Matið sem felst í þessari ákvörðun er því með fyrirvara um allt framtíðarmat á laga- og eftirlitsfyrirkomulagi Bretlands að því er varðar miðlæga mótaðila og ekki ætti að treysta á það sem slíkt umfram tilgang þessarar ákvörðunar.
- 16) Þessi ákvörðun ætti að öðlast gildi sem fyrst og ætti einungis að koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi nema útgöngusamningur við Bretland hafi tekið gildi fyrir þann tíma eða að tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið hafi verið framlengt.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 telst laga- og eftirlitsfyrirkomulag Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem samanstendur af lögnum um fjármálaþjónustu og -markaði frá árinu 2000 (*e. Financial Services and Markets Act 2000*) og lögnum um útgöngu úr Evrópusambandinu frá 2018 (*e. European Union (Withdrawal) Act 2018*), sem gildir um miðlæga mótaðila sem þegar hafa verið stofnsettir og hlotið starfsleyfi í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi, jafngilda kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 648/2012.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með deginum eftir að sáttmálarnir hætta að gilda um Bretland og í Bretlandi í samræmi við 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu þó ekki gilda í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef útgöngusamningur, sem gerður er við Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland í samræmi við 2. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, hefur öðlast gildi fyrir þann dag,
- b) ef ákvörðun hefur verið tekin um að framlengja tveggja ára tímabilið sem um getur í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Hún fellur úr gildi 30. mars 2020.

Gjört í Brussel 19. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.